

Ed.

287. Nefndarálit

[170. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum. Á fyrri fundinum mætti vegamálastjóri svo og fulltrúar frá samtökum sjálfseignarvörubifreiðastjóra. Þá hafa nefndinni borizt erindi víðs vegar að, þar sem gjaldahækkunum þeim, er í frumvarpinu felast, er andmælt.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt í trausti þess, að með reglugerðarbreytingu megi hamla gegn hækkun kílómetragjaldsins í þeim tilvikum, þar sem hún yrði tilfinnanlegust. Einstakir nefndarmenn innan meiri hlutans áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum við frumvarpið, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 17. des. 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Páll Þorsteinsson.	Jónas G. Rafnar.	Ásgeir Bjarnason.